

Malbikstöðin ehf.
Flugumýri 26
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 29.9.2025
UOS2501618/K.K.
11.08.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. ágúst 2025 – Malbikstöðin ehf, Esjumelum, ID 471

Þann 13. ágúst 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Malbikstöðina ehf, á Esjumelum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er enn opið varðandi það magn PAH efni í útblæstri standist ekki losunarmörk í starfsleyfi. Samkvæmt gildandi úrbótaáætlun átti úrbótum að vera lokið í september 2024. Rekstraraðili hefur ekki skilað niðurstöðum úr sýnatökunni af útblæstrinum og úrbótum því ólokið.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila er bent á að setja sér umhverfismarkmið sem ná yfir lengra tímabil en einungis eitt ár.
2. Rekstraraðila var bent á að hafa þéttingar á niðurföll aðgengilegar.
3. Rekstraraðila var bent á að uppfæra tengiliða upplýsingar stofnunarinnar í áætlunum sínum.

Átta frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðili gat í eftirlitinu ekki sýnt fram á að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu þeirra efna sem það getur komist í snertingu við. **Rekstraraðili endurskoðar þjálfun og skráningu starfsmanna. Verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.6 og 3.7. Rekstraraðili hefur ekki skilað mælingum vegna losunarmarka í útblæstri fyrir árið 2024. **Skýrslu skilað 26.08.2025. Verkferlar bættir. Fráviki lokið.**
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Á a.m.k. sex mánaða fresti skal yfirfara virkni olúskilju og tæma sandfang/sandföng og skilju eftir þörfum, sbr. kröfur í gr. 3.7. Rekstraraðili gat ekki upplýst um það hvort eða hvenær olúskiljan var yfirfarin

undanfarna sex mánuði. **Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var síðasta tæming í júlí 2024. Verkferlar bættir. Fráviki lokið.**

4. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað. **Grænu bókhaldi var skilað 19.ágúst. Fráviki lokið.**
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Niðurstöður vegna losunarmælinga skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. Niðurstöður úr mælingum í frárennsli sem framkvæmdar voru 18. júlí 2024 bárust stofnuninni rúmu ári síðar þann 18. ágúst 2025. **Fráviki lokið.**
6. Gr. 7. í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg og 39. gr. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun og skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun. Stór olúflekki er undir olúgeymi á lóð. Engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir frekari mengun né hreinsa upp þá mengun sem komin er. **Svæðið verður hreinsað og eftirlit með tönkunum bætt. Verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**
7. Gr. 50. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Allir olúgeymar skulu staðsettir eða varðir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum. Úrgangsolúgeymur án allra árekstrarvarna er á lóð rekstraraðila. **Úrgangsolúutankurinn verður færður á betri stað og komið fyrir árekstrarvörnum í síðasta lagi í september 2025. Verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**
8. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir svifagnir í frárennslismælingum er 50 mg/l. Samkvæmt efnagreiningu á sýni sem tekið var 18. júlí 2024 voru 66 mg/l af svifögnum í sýninu. **Verkferlum hefur verið breytt. Verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**

Umhverfis- og orkustofnun hefur borist tímasett áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum.

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer
sérfræðingur

María Svavarsdóttir
sérfræðingur